

Fundargerð

Höfundur: Egill Þórarinsson
29. nóvember 2021
Tilvísun: 202101017 / 2.8.2

Efni: Forsamráð vegna Holtavörðuheildarlínu 1

Mætt:

Rut Kristinsdóttir, Bryndís Skúladóttir og Huguína Gunnarsdóttir (ráðgjafi) f.h. Landsnets
Birna B. Árnadóttir, Egill Þórarinsson og Jakob Gunnarsson f.h. Skipulagsstofnunar
Jón Eiríkur Eiríksson og Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir f.h. Skorradalshrepps
Þórdís Sif Sigurðardóttir og Drífa Gústafsdóttir f.h. Borgarbyggðar
Magnús Magnússon f.h. Húnaþings vestra,
Linda Björk Pálsdóttir, Guðjón Jónasson, Bogi Kristinsson Magnusen f.h. Hvalfjarðarsveitar

Dagskrá:

Kynning á áformum Landsnets

- Fulltrúar Landsnets kynntu áform um lagningu Holtavörðuheildarlínu 1. Greint var frá því hvar fyrirtækið er stutt í undirbúningi framkvæmdarinnar.
- Unnið var að valkostagreiningu sumar og haust 2021. Landeigendum og verkefnaráði, sem í sitja fulltrúar sveitarfélaga og aðrir hagsmunaaðilar, var gefinn kostur á að leggja fram hugmyndir af valkostum
- Landsnet mun kynna fyrstu hugmyndir að mögulegum línuleiðum síðar í vikunni. Til stendur að kynna þær í a.m.k. tvær vikur og óska eftir sjónarmiðum.
- Núverandi línur komnar til ára sinna en ekki liggur fyrir hvort þær verði endurnýjaðar eða ekki.
- Aðalvalkostur Landsnets gæti legið fyrir í lok árs 2022.

Staða skipulagsmála

- Landsnet mun þurfa að óska eftir breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna fyrir línu og efnistökusvæðum.
- Borgarbyggð er að byrja endurskoðun á aðalskipulagi og stefnt er að því að ljúka henni 2022 eða 2023. Erfitt að tala um þetta þegar við höfum ekki séð valkosti. Hafa lagt áherslu á að fjarlægja sem mest af eldri línunum og að línuleið verði á sama eða svipuðum stað og núverandi.
- Aðalskipulag Skorradalshrepps gildir til 2022, endurskoðun ekki hafin. Skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps fór yfir stefnu sveitarfélagsins varðandi línulagnir. Fjölgun rafmagnslína ekki í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og óskar sveitarfélagið eftir því að skoðaður verði sá möguleiki á að fara með línuna meðfram Sultartangalínu 1 og 3 og þá norður yfir hálendið. Fram kom að sveitarfélaginu hugnist illa að hafa tvær samhliða línur af ólíkri gerð. Bent var á mikilvægi þess að sveitarfélög væru samstíga í þessum málefnum.

- Hvalfjarðarsveit er að endurskoða sitt aðalskipulag og er vinnslutillaga í auglýsingu. Holtavörðuheildarlína er nefnd í vinnslutillögunni. Samkvæmt nógildandi aðalskipulagi skal stefnt að því að háspennulínunum verði ekki fjölgað í sveitarfélaginu. Þess í stað verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi lína. Sveitarfélagið vilja að skoðað verði að hafa núverandi línu og nýja línu á sama mastri.
- Húnaþing vestra: Hafa hingað til gengið útfrá því að ný lína verði samhliða eldri línu. Sveitarfélagið er reiðubúið til að hefja skipulagsferli.
- Sveitarfélög bentu á að erfitt væri að hefja skipulagsferli þegar fyrirhuguð línuleið liggur ekki fyrir.

Sameining skýrslugerðar og kynningar samkvæmt skipulagslöggjöf sbr. 9. gr. laga nr. 111/2021

- Ekki tilefni til að sameina skýrslugerð og kynningu vegna matsáætlunar og skipulagslýsingar.

Áherslur í umhverfismati

- Valkostir: Rætt var um strengi. Lítið svigrúm til að setja Holtavörðuheildarlínu 1 í jörðu. En meira svigrúm í tilviki línu á lægra spennustigi og til greina kemur að setja eldri línu í jörðu á tilteknum stöðum.

Næstu skref

Landsnet mun kynna fyrstu hugmyndir að valkostum síðar í vikunni og stefnir svo á að leggja fram matsáætlun í byrjun árs 2022. Landsnet mun halda sveitarfélögum upplýstum um stöðu umhverfismats og taka athugað verður hvort samnýta megi gögn eða kynningu síðar í málsmeðferðinni.